

Nd.

66. Tillaga til þingsályktunar

[61. mál]

um verðtryggingu lífeyrissjóða verkafólks.

Flm.: Bjarnfríður Leósdóttir.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að semja frumvarp til laga um verðtryggingu lífeyrissjóða verkafólks.

Greinargerð.

Lífeyrissjóðir verkafólks voru stofnaðir samkvæmt samningi milli vinnuveitenda og verkalýðsfélaga 19. maí 1969. Iðgjaldagreiðslur hófust frá og með 1. janúar 1970. Fram að þeim tíma hafði verkafólk mátt setta sig við þau einu eftirlaun, sem almannatryggingar létu þeim í té. Þó höfðu nokkrar stéttir í þjóðfélaginu notið eftirlauna úr lífeyrissjóðum um árabíl. Má þar til nefna ríkisstarfsmenn og starfsmenn ýmissa kaupstaða.

Með tilkomu lífeyrissjóða verkafólks var merkum áfanga náð í réttindabaráttu þessara stétta. En þessir lífeyrissjóðir eru ekki verðtryggðir, eins og t. d. lífeyrissjóðir starfsmanna ríkis og bæja. Af þeim sökum getur svo farið, að þeir verði ekki færir um að gegna frumhlutverkum sínum.

Augljóst er, að verðtryggðir lífeyrissjóðir eru öðrum sjóðum mun hagstæðari fyrir sjóðfélaga, enda bera þar allir skattgreiðendur þjóðarinnar allar viðbótargreiðslur vegna verðþenslu, en hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins námu þær árið 1970 nær 68 milljónum króna.

Hér er um svo augljóst óréttlæti að ræða og hinum ýmsu stéttum þjóðfélagsins svo berlega mismunað, að ég trúi því, að hið háa Alþingi muni vilja stuðla að leiðréttingu þessa máls með því að lögfesta verðtryggingu lífeyrissjóða verkafólks. Í trausti þess er þessi þingsályktunartillaga flutt.